

Nd.

101. Frumvarp

til laga um sérstakt varnarþing í víxilmálum

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Vixilmál, sem rísa út af vixlum, sem samkvæmt ákvæði á vixlinum sjálfum eiga að greiðast á tilteknum stað, má höfða og sækja fyrir gestarétti í þeirri þinghá, þar sem vixillinn á að greiðast, eins og þar væri varnarþing varnaraðila. Stefnu skal birta á lögheimili hans með venjulegum fresti, ef það er innan sama lögsagnar umdæmis, sem fyrirtökustaðurinn, með 4 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmisins, en þó í sama landsfjórðungi, en með 6 vikna fresti, ef það er í öðrum landsfjórðungi.

Ákvæði þessi ná ekki til vixilmála, er rísa af vixlum, sem dagsettir eru áður en lög þessi öðlast gildi.